

28. Sunna Björk Gylfadóttir, barn í Reykjavík, f. í Suður-Kóreu 6. apríl 1977.
29. Tegeder, Edda, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýskalandi 7. apríl 1939.
30. Veronika Sigríður Bjarnardóttir, barn í Reykjavík, f. í Suður-Kóreu 23. september 1973.
31. Vignir Már Runólfsson, barn í Grundarfirði, f. í Suður-Kóreu 24. desember 1976.
32. Vinther, Jóhanna Birgitta, húsmóðir á Akureyri, f. í Færeyjum 25. apríl 1932.
33. Yamagata, Nobuyasu, verkamaður í Borgarnesi, f. í Japan 11. október 1950.
34. Yoo, Jin-Sung, barn á Akranesi, f. í Suður-Kóreu 24. apríl 1977.
35. Zharova, Tatyana Borisovna, barn í Kópavogi, f. í Ráðstjórnarríkjunum 8. september 1966.
36. Þórunn Gísladóttir, húsmóðir í Sandgerði, f. á Íslandi 24. apríl 1918.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 69 23. maí 1974, komi ný grein, svo hljóðandi:

Lagmetisiðnaðurinn telst iðnaður eins og hann er skilgreindur í lögum og greiðir iðnlánasjóðsgjald lögum samkvæmt.

Lagmetisiðnaðurinn er undanþeginn útflutningsgjöldum af sjávarafurðum.

2. gr.

Í stað 7. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur það hlutverk að efla lagmetisiðnaðinn, m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vöru- tegunda og markaðsöflun erlendis.

Eigi má verja fé sjóðsins til að ráða bót á rekstrarerfiðleikum eða fjárhagsvanda framleiðenda lagmetis eða til að standa straum af fjárfestingum í framleiðslu- tækjum eða mannvirkjum þeirra.

Stjórn Sölustofnunar lagmetis ráðstafar fé úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

Iðnaðarráðherra er heimilt að fela Iðnaðarbanka Íslands hf. daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt sérstökum samningi.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 8. grein, svo hljóðandi:

Greiða skal til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á tímabilinu frá 1. apríl 1978 til 1. apríl 1981 fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti. Fullvinnslugjald þetta skal vera 3% af fob-verði áðurnefndra hroga, en 1% af fob-verði lagmetis. Af fullvinnslugjaldi af grásleppuhrognum skal Þróunarsjóður lagmetis greiða $\frac{1}{3}$ hluta til Samtaka grásleppuhrogaframleiðenda.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjöld í lögum nr. 5 13. febr. 1976.

4. gr.

8. gr. laganna verður 9. gr. og 9. gr. laganna verður 10. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fullvinnslugjald samkvæmt lögum þessum skal ekki leggja á, ef sölusamningur um vöruna hefur verið gerður fyrir 1. mars 1978, og seljandi sótt um útflutningsleyfi fyrir 1. apríl 1978.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 10 22. mars 1974, um skattkerfisbreytingu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Önnur mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Viðurlög skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 4% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 20%.